

Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008

Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2008

Samantekt

Á hverju hausti safnar Hagstofa Íslands upplýsingum um nemendur í framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Birtar eru tölur um skráða nemendur í skólum eftir kyni, kennsluformi, námsbrautum og stöðu í námi. Nemendum fjölgað ár frá ári og haustið 2008 eru skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi 47.282. Skráðum nemendum hefur fjölgað um 2,6% frá fyrra ári og er sú fjölgun minni en verið hefur undanfarin ár. Nemendum fjölga á hvoru tveggja framhalds- og háskólastigi. Fjölgun er öllu meiri á framhaldsskólastigi, eða um 3,3%, á móti 1,6% á háskólastigi. Fjölgun nemenda skýrist fyrst og fremst af miklum vexti fjarnáms á báðum skólastigum og grunnskólanemendum sem sækja í auknum mæli í nám á framhaldsskólastigi. Nemendur grunnskóla eru 5,0% skráðra nemenda í framhaldsskólum og hefur fjölgað um 9,3% á milli ára í framhaldsskólum landsins. Konur eru 57,3% allra skráðra nemenda. Stærstur hluti nemenda er skráður í bóklegt nám. Á framhaldsskólastigi eru 68,3% nemenda skráðir í bók-nám og á háskólastigi eru 97,5% nemenda skráðir í fræðilegt nám.

Inngangur

Gögn fengin frá skólum

Hagstofa Íslands hefur tekið saman yfirlit yfir fjölda skráðra nemenda í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi haustið 2008. Upplýsingum var safnað frá skólunum og úr miðlægu nemendaskrárkerfi framhaldsskólanna, INNU. Gagna-söfnunin miðast við fjölda nemenda um miðjan október 2008. Óskað var eftir upplýsingum um alla nemendur skólanna þar sem tilgreint væri kennsluform, staða nemenda í námi, umfang náms og námsbraut. Í tónlistarskólum, myndlistarskólum og listdansskólum eru eingöngu taldir nemendur sem eru skráðir í nám á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Í þessu riti má sjá fjölda nemenda í einstökum skólum eftir kyni og námsbrautum. Einnig er tekið fram hvort um kennslu í dagskóla eða kvöldskóla, fjarnám eða utanskóla nemendur er að ræða. Loks er sýnd námsstaða nemenda í hverjum skóla fyrir sig. Ritið sýnir fjölda skráðra nemenda á haustmisseri. Þær tölur sem hér eru birtar eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í tölum um skráða nemendur eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum, tvítaldir. Í skráningartölum fyrir haustið 2008 reyndust 6,0% nemenda vera taldir oft en einu sinni. Í endanlegum tölum nemendaskrár Hagstofunnar er hver nemandi hins vegar aðeins talinn einu sinni. Endanlegar tölur verða tiltækar á vordögum 2009 og eru birtar í hagtöluárbók Hagstofu Íslands, Landshögum, og á heimasíðu Hagstofunnar.



Rúmlega 47 þúsund nemendur eru skráðir í framhalds- og háskóla

Aldrei fleiri skráðir nemendur í framhalds- og háskóla

Haustið 2008 voru alls 47.282 nemendur skráðir til náms í framhaldsskólum og háskólum hér á landi. Skráðir nemendur hafa aldrei verið fleiri, hvorki á framhaldsskólastigi né á háskólastigi (tafla 1). Í framhaldsskóla voru skráðir 29.271 nemendur og 18.011 nemendur í háskóla. Nemendum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað um 931 eða 3,3% frá síðasta ári. Í skólum á háskólastigi fjölgaði um 283 nemendur, eða 1,6% (mynd 1).


Nemendum hefur fjölgað á báðum skólastigum undanfarin ár. Mest fjölgaði skráðum nemendum á árunum 2001–2003 eða um 7,7–9,8%. Frá árinu 2003 hefur hægt á vexti skólakerfisins. Á árunum 2004–2007 fjölgaði skráðum nemendum um 4–5% á milli ára og á milli áruna 2007 og 2008 fjölgaði skráðum nemendum um 2,6%. Fjölgun nemenda á framhaldsskólastigi má að hluta til rekja til þess að stórir árgangar eru núna á framhaldsskólaaldri. Þá stundar hærra hlutfall nemenda á framhaldsskólaaldri nám í framhaldsskólum. Aukið framboð náms í fjarnámi á háskólastigi hefur auðveldað aðgang að háskólanámi. Þannig er hægt að stunda háskólanám í gegnum símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni eða frá útlöndum.

Tvítalningar í gögnum

Á haustmisseri 2008 eru tvítalningar í gagnasafninu 6,0% en voru 5,6% haustið 2007. Haustið 2004 voru tvítalningar í sambærilegum gögnum 5,0%. Þetta merkir að nemendur eru oftast skráðir í fleiri en einn skóla, á fleiri en einni námsleið eða stundi nám með mismunandi hætti. Margir nemendur sem skráðir eru sem fjarnámsnemendur eru jafnframt skráðir í dagskólanám. Því er ekki að öllu leyti um raunverulega fjölgun nemenda að ræða þó skráðum nemendum fjölgi heldur er hluti nemenda að sækja í fjölbreyttari kennsluhætti og fjölbreyttara nám.

Mynd 1. Skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi 2000–2008

Figure 1. Registered students at upper secondary and tertiary level 2000–2008



Grunnskólanemendum fjölgar í framhaldsskólum

Margir grunnskólanemendur stunda nám í framhaldsskólum


Fjölgun skráðra nemenda í framhaldsskólum á undanförunum árum skýrist að hluta af mikilli fjölgun nemenda í fjarnámi og umtalsverðri fjölgun grunnskólanemenda, sem margir eru skráðir sem fjarnámsnemendur. Hagstofan hefur nú kannað fjölda grunnskólanema í framhaldsskólum með skipulegum hætti í þrjú ár, eða frá og með

haustinu 2006 (mynd 2). Á þessu tímabili hefur grunnskólanemendum í framhaldsskólum fjölgað um 40,1%. Grunnskólanemendum í framhaldsskólum fjölgaði um 9,3% frá síðasta ári en um 28,2% á milli áruna 2006 og 2007. Svo virðist sem skilin á milli grunnskóla og framhaldsskóla séu að verða óskýrari.

Á haustmisseri 2008 voru 1.460 grunnskólanemendur skráðir til náms í framhaldsskólum landsins, 657 piltar og 803 stúlkur. Grunnskólanemendur eru 5,1% af skráðum nemendum í framhaldsskólum. Það lætur nærri að tæplega einn af hverjum þremur nemendum í 10. bekk grunnskóla skólaárið 2008–2009 taki áfanga í framhaldsskóla á meðan á grunnskólanámi stendur. Stærstur hluti þessara nemenda er einungis skráður til náms í fáar námseiningar. Þannig voru 76,7% grunnskólanemenda í framhaldsskólum haustið 2008 skráðir í aðeins einn námsáfangi. Að auki taka sumir grunnskólanemendur framhaldsskólaáfanga í grunnskólunum sjálfum. Þegar svo er koma þeir ekki fram í þessum tölum.

Mynd 2. Grunnskólanemendur í framhaldsskólum 2006–2008

Figure 2. Elementary school pupils in upper secondary schools 2006–2008



Áframhaldandi fjölgun nemenda í fjarnámi

Mikil fjölgun fjarnámsnemenda í framhaldsskólum

Nemendum í fjarnámi hefur fjölgað ár frá ári á báðum skólastigum. Sjöunda árið í röð eru fjarnámsnemar fjölmennari en nemendur í kvöldskólum landsins (mynd 3). Haustið 2008 voru 8.122 nemendur skráðir í fjarnám og fjölgaði um 1.078 frá árinu á undan, sem er 15,3% fjölgun.

Haustið 2008 stunduðu 2.060 nemendur nám í kvöldskólum á landinu og hefur þeim fjölgað um 64 frá fyrra ári eða 3,2%. Kvöldskólanemendum hefur fækkað um 1.073 frá árinu 2003, þegar voru þeir flestir, 3.133 talsins. Kvöldskólanemendum hefur því fækkað um ríflega þriðjung frá árinu 2003 á sama tíma og fjöldi nemenda í fjarnámi hefur rúmlega tvöfaldast.


Alls voru 3.340 nemendur á háskólastigi haustið 2008 skráðir í fjarnám, eða 18,5% nemenda en haustið 2003 voru 12,8% nemenda á þessu skólastigi skráðir í fjarnám. Nemendum í fjarnámi á háskólastigi hefur fjölgað um 65,4% á þessum árum. Á sama tímabili hefur fjarnámsnemendum á framhaldsskólastigi fjölgað um 146,5%. Fjarnámsnemendur á framhaldsskólastigi eru 4.782 haustið 2008 (16,3% nemenda)

en voru 1.940 árið 2003 (8,4% nemenda). Fjölgun fjarnámsnemenda í framhaldsskólum skýrist að mestu af fjölgun í nokkrum skólum, s.s. Verslunarskóla Íslands, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Menntaskólanum í Kópavogi og Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Önnur skýring er fjölgun grunnskólanemenda í framhaldsskólum en 37,0% grunnskólanemenda í framhaldsskólum stunda fjarnám. Með því að stunda fjarnám geta grunnskólanemendur valið sér framhaldsskólaáfangu, sem ekki eru kenndir í þeirra grunnskóla. Þannig fá grunnskólanemendur, sem standa vel í námi, tækifæri til að takast á við meira krefjandi námsefni og geta flýtt fyrir sér í framhaldsskólanámi. Einnig býður fjarnám upp á að eldri nemendur geta bætt við sig námi með vinnu, annaðhvort til að bæta hæfni sína á vinnumarkaði eða til að standast kröfur sem gerðar eru til nemenda til að fá inngöngu í nám á háskólastigi.

Þegar gögn frá árinu 2000 eru skoðuð sést að fjölgun fjarnámsnema er aðallega á kostnað dagskólanáms allt til ársins 2003 en eftir það aðallega á kostnað kvöldskólanáms. Haustið 2008 eru dagskólanemar 78,5% nemenda, hlutfall kvöldskólanemenda er 4,4% og fjarnámsnemendur eru 17,2% skráðra nemenda.

Mynd 3. Nemendur í framhalds- og háskólum eftir kennsluformi 2000–2008

Figure 3. Students at upper secondary and tertiary level by mode of teaching 2000–2008



Konur eru í meirihluta meðal skráðra nemenda

Heilbrigði, velferð og menntun eru vinsæl námssvið hjá konum

Konur eru umtalsvert fleiri en karlar meðal skráðra nemenda eða 6.888 fleiri. Alls stunda 27.085 konur nám á móti 20.197 körlum. Konur eru 57,3% nemenda á öllum skólastigum ofan grunnskóla en hlutur karla er 42,7%. Þegar skipting kynja er skoðuð eftir skólastigum samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 eru konur 54,0% nemenda á framhaldsskólastigi, 37,0% nemenda á viðbótarstigi, 64,3% nemenda á háskólastigi og 58,3% nemenda á doktorsstigi.

Það vekur athygli að einungis á viðbótarstigi eru konur færri en karlar meðal nemenda. Viðbótarstig er á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs en á þessu stigi má finna nám, s.s. meistaranám löggiltra iðngreina, iðnfræði, leiðsögunám, ferðafræðinám, 4. stig vélstjórnar, margmiðlun og veftækni.


Sé miðað við öll skólastig eru konur fleiri en karlar á yfirgnæfandi fjölda námsbrauta. Haustið 2008 eru nemendur skráðir til náms á 254 námsbrautum. Konur eru

fleiri en karlar á 158, eða 62,2% námsbrautanna. Á 91 námsbraut eru konur a.m.k. þrjár af hverjum fjórum skráðum nemendum.

Á námsbrautum sem flokkast undir heilbrigði og velferð eru skráðir 3.203 nemendur. Þar af eru konur 2.818 (88,0%). Á námsbrautum sem falla undir svið menntunar eru skráðir 3.054 nemendur. Þar af eru konur 2.602 (85,2%). Konur eru hins vegar í minnihluta á námsbrautum sem teljast til raunvísinda, verkfræði og mannvirkjagerðar hvers konar (mynd 4). Á brautum sem flokkast með verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerð eru skráðir 5.358 nemendur. Þar af eru karlar 4.458 (83,2%) en konur einungis 900 (16,8%). Í raunvísindum, stærðfræði og tölvunarfræði eru skráðir 1.558 nemendur. Þar af eru karlar 1.050 (67,4%) en konur 508 (32,6%).

Mynd 4. Nemendur eftir almennum sviðum náms og kyni haustið 2008

Figure 4. Registered students by broad fields of study and sex in autumn 2008



Notes: (1) Health and welfare; (2) Education; (3) Humanities and arts; (4) Services; (5) Social sciences, business and law; (6) Agriculture and veterinary; (7) General programmes; (8) Sciences, mathematics and computing; (9) Engineering, manufacturing and construction.

Flestir nemendur eru skráðir í almennt nám

Almenn námsbraut fjölmennasta námsbrautín

Langfjölmennasta einstaka námsbrautin er almenn námsbraut á framhaldsskólastigi. Á þessa námsbraut eru skráðir 6.870 nemendur; 42,0% eru karlar og 58,0% konur. Næst fjölmennasta námsbrautin er náttúrufræðibraut en þar eru skráðir til náms 4.879 nemendur, 52,4% karlar og 47,6% konur. Fast á hæla náttúrufræðibrautar kemur félagsfræðabraut með 4.545 skráða nemendur, 38,0% karla og 62,0% konur. Þessar þrjár námsbrautir eru langstærstu námsbrautirnar í íslenskum skólum ofan grunnskóla. Sú námsbraut sem næst kemur í röðinni á framhaldsskólastigi er málbraut til stúdentsprófs en þar eru skráðir 1.503 nemendur; 23,7% karlar og 76,3% konur.

Á háskólastigi eru flestir nemendur skráðir á svið viðskiptafræða en þar eru skráðir 2.890, 42,3% karlar og 57,7% konur. Að auki eru 6 nemendur skráðir í viðskiptafræði á doktorsstigi. Næst fjölmennasta námssviðið á háskólastigi er lögfræði en þar eru skráðir til náms 1.287, 43,7% karlar og 56,3% konur. Á doktorsstigi eru skráðir 3 karlar. Þessar tvær námsbrautir eru einu námsbrautirnar á háskólastigi þar sem fjöldi nemenda nær einu þúsundi. Nemendur í grunnskólakennarafræðum nálgast þúsundið en þar eru skráðir til náms 926 nemendur, 14,8% karlar og 85,2%

konur. Í hjúkrunarfræði eru 684 skráðir nemendur og í sálfræði eru skráðir 576 nemendur.

Flestir nemendur velja bóknám á framhaldsskólastigi og fræðilegt nám á háskólastigi


Tveir af hverjum þremur á framhaldsskólastigi velja bóknám

Í bóklegt nám á framhaldsskólastigi (ÍSNÁM 3AG og 3CG) eru skráðir 19.741 nemendur en í starfsnám (ÍSNÁM 3BP, 3CP, 3CV og 3AV) eru skráðir 9.163 nemendur (mynd 5). Miðað við ÍSNÁM2008 flokkunarkerfið eru 68,3% nemenda á framhaldsskólastigi skráðir í einhvers konar bóknám en 31,7% nemenda skráðir í einhvers konar starfsnám. Á viðbótarstigi eru hins vegar allir nemendurnir 1.244 skráðir í nám sem flokkast sem starfsnám (ÍSNÁM 4CV).

Á háskólastigi eru 97,5% nemenda skráðir í fræðilegt háskólanám (ÍSNÁM 5A) en einungis 2,5% í starfsmiðað háskólanám (ÍSNÁM 5B). Konur eru 64,7% nemenda í fræðilegu háskólanámi en 50,1% nemenda sem skráðir eru í starfsmiðað háskólanám. Þá eru 283 nemendur skráðir í doktorsnám.

Mynd 5. Skipting náms á framhaldsskólastigi eftir tegund haustið 2008

Figure 5. Type of study at upper secondary level autumn 2008



Skýringar á hugtökum úr ÍSNÁM2008

Íslenska náms og menntunarflokkunin ÍSNÁM2008 er byggð á alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Flokkunin byggist á námsleið og er tvískipt. Annars vegar er nám flokkað á stig og hins vegar á svið.

Námsstigun eru sjö, frá 0 til 6.

0. Leikskólastig tekur fyrst og fremst til náms í leikskóla frá þriggja ára aldri.

1. Barnaskólastig nær yfir nám í 1.–7. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.

2. Unglingastig nær yfir nám í 8.–10. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.

3. Framhaldsskólastig vísar til náms í framhaldskóla og viðlíka náms.

4. Viðbótarstig tekur til náms sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi en er ekki á háskólastigi.

5. Háskólastig nær yfir háskólanám að doktorsnámi undanskildu.

6. Doktorsstig vísar til doktorsnáms.

Á námsstigum 2–5 er nám greint á grundvelli vídda sem segja m.a. til um stefnu náms og áherslu náms.

Stefna náms segir til um hvert námið leiðir, þ.e. til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á tilteknu stigi.

A er nám sem stefnir að fræðilegu námi á hærri stigi.

B er nám sem leiðir til starfsnáms á hærri stigi.

C er nám sem leiðir beint út á vinnumarkaðinn eða til frekara náms á sama stigi.

Áhersla náms vísar til þess hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða.

Almennt nám er yfirleitt táknað með G. Þetta er nám þar sem ekki er gert ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinna starfa né til undirbúnings fyrir starfsnám. Miðað er við að minna en fjórðungur náms sé starfsnám.

For–starfsnám er yfirleitt táknað með P og er nám sem miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki starfsréttindi á vinnumarkaði og er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta.

Starfsnám er yfirleitt táknað með V og er nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði til að vinna tiltekin störf. Lokapróf á þessu stigi veitir yfirleitt tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.

Nám á háskólastigi er flokkað eftir því hvort um fræðilegt háskólanám eða starfsmiðað háskólanám er að ræða.

5A er fræðilegt háskólanám, sem leiðir áfram til doktorsnáms.

5B er starfsmiðað háskólanám, sem miðar að starfi á vinnumarkaði að loknu námi.

Námsleiðir eru flokkaðar niður á svið náms. Í grófustu flokkuninni er nám flokkað á 9 almenn svið (eins stafs flokkun). Nám má greina finna niður á 25 afmörkuð svið (tveggja stafa flokkun), um 90 einstök svið (þriggja stafa flokkun) eða niður á einstakar námsbrautir (fjögurra stafa flokkun).

Tafla 1. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustin 2002–2008 — lykiltölur (frh.)
 Table 1. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2002–2008 — key data (cont.)

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	Mismunur frá 2007 <i>Difference from 2007</i>	Breyting, % frá 2007 <i>Change, % from 2007</i>
Sérskólar á háskólastigi									
<i>Specialised schools at tertiary level</i>	212	186	248	257	288	279	273	-6	-2,2
Dagskóli <i>Day courses</i>	175	149	164	179	201	199	186	-13	-6,5
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	37	37	47	43	47	34	42	8	23,5
Fjarnám <i>Distance learning</i>	–	–	37	35	40	46	45	-1	-2,2
Háskólar <i>Universities</i>	13.987	15.566	16.029	16.850	16.883	17.449	17.738	289	1,7
Dagskóli <i>Day courses</i>	11.632	13.130	12.925	14.145	14.335	14.719	14.328	-391	-2,7
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	419	417	390	163	149	–	115	115	–
Fjarnám <i>Distance learning</i>	1.936	2.019	2.714	2.542	2.399	2.730	3.295	565	20,7

Skýringar *Notes:* Tölur um skráða nemendur eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í þessum tölum eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, bæði í dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum, tvítaldir en í nemendaskrá Hagstofunnar er hver nemandi aðeins talinn einu sinni. Á framhaldsskólastigi starfa menntaskólar, fjölbrautaskólar, (þ.m.t. framhaldsskólar, verkmenntaskólar og iðnskólar) og sérskólar. Sérskólar sem starfa aðallega á framhaldsskólastigi eru t.d. húsmæðraskólar og listdansskólar. Meðal sérskóla sem starfa aðallega á háskólastigi eru listaskólar. Með breytingu á aðalnámsskrá tónlistarskóla árið 2000 eru fleiri nemendur þessara skóla skráðir í nemendaskrá Hagstofunnar. *These figures depict registered students. They are not fully comparable with final data from the Statistics Iceland student register since these data include double counts of students who study in two schools, both in day courses and in evening courses or in two lines of study.*

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008 eftir skólum, kyni og kennsluformi
Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2008 by school, sex and mode of teaching

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening courses</i>	Fjar- nám <i>Distance learning</i>
Fjölbautaskólar <i>Comprehensive schools</i>	18.369	8.411	9.958	13.667	1.163	3.539
Borgarholtsskóli	1.513	854	659	1.217	96	200
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	485	271	214	485	–	–
Fjölbautaskóli Snæfellinga	309	144	165	309	–	–
Fjölbautaskóli Suðurlands	1.042	553	489	1.010	32	–
Fjölbautaskóli Suðurnesja	1.330	652	678	1.234	96	–
Fjölbautaskóli Vesturlands	680	393	287	680	–	–
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	2.122	932	1.190	1.297	825	–
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	923	339	584	682	–	241
Fjölbautaskólinn við Ármúla	2.914	924	1.990	974	–	1.940
Flensborgarskóli	876	448	428	858	–	18
Framhaldsskólinn á Húsavík	158	61	97	158	–	–
Framhaldsskólinn á Laugum	104	56	48	104	–	–
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	273	152	121	207	–	66
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	329	172	157	329	–	–
Iðnskólinn í Hafnarfirði	593	326	267	593	–	–
Menntaskólinn á Egilsstöðum	465	191	274	350	–	115
Menntaskólinn á Ísafirði	353	178	175	337	15	1
Menntaskólinn í Kópavogi	1.563	639	924	1.276	79	208
Verkmenntaskóli Austurlands	271	111	160	251	20	–
Verkmenntaskólinn á Akureyri	2.066	1.015	1.051	1.316	–	750
Menntaskólar <i>Grammar schools</i>	6.780	2.854	3.926	5.819	168	793
Kvennaskólinn í Reykjavík	558	151	407	558	–	–
Menntaskóli Borgarfjarðar	134	57	77	134	–	–
Menntaskólinn að Laugarvatni	147	73	74	147	–	–
Menntaskólinn á Akureyri	748	324	424	748	–	–
Menntaskólinn Hraðbraut	147	62	85	147	–	–
Menntaskólinn í Reykjavík	857	381	476	857	–	–
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.397	595	802	1.229	168	–
Menntaskólinn við Sund	744	375	369	744	–	–
Verslunarskóli Íslands	2.048	836	1.212	1.255	–	793
Sérskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi	3.571	2.017	1.554	2.549	572	450
<i>Specialised schools at upper secondary level</i>						
Danslistarskóli JSB	72	1	71	72	–	–
Flugskóli Íslands	32	26	6	32	–	–
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	22	5	17	22	–	–
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	–	24	24	–	–
Keilir - Menntastofnun á Keflavíkurlflugvelli	318	93	225	179	–	139
Klassíski listdansskólinn	28	–	28	28	–	–
Kvikmyndaskóli Íslands	96	60	36	96	–	–
Listdansskóli Íslands	41	2	39	41	–	–
Lögregluskólinn	48	35	13	48	–	–
Mímir - símenntun	135	7	128	13	122	–
Myndlistarskólinn í Reykjavík	30	10	20	30	–	–
Nuddskóli Íslands	23	7	16	–	23	–
Snyrtiskólinn	43	–	43	43	–	–
Tannsmiðaskóli Íslands	8	3	5	8	–	–
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins	2.651	1.768	883	1.913	427	311

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)
 Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2008 by school, sex and mode of teaching (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day</i> <i>courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening</i> <i>courses</i>	Fjar- nám <i>Distance</i> <i>learning</i>
Tónlistarskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi						
<i>Music schools at upper secondary level</i>	551	205	346	551	–	–
Allegro, Suzukitónlistarskólinn	9	2	7	9	–	–
Nýi tónlistarskólinn	18	3	15	18	–	–
Skólahljómsveit Austurbæjar	1	1	–	1	–	–
Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar	1	–	1	1	–	–
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	5	1	4	5	–	–
Söngskóli Sigurðar Demetz	24	8	16	24	–	–
Tónlistarskóli Austur-Héraðs	5	3	2	5	–	–
Tónlistarskóli Álftanes	2	1	1	2	–	–
Tónlistarskóli Árnesinga	11	4	7	11	–	–
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	11	3	8	11	–	–
Tónlistarskóli Eyjafjarðar	3	1	2	3	–	–
Tónlistarskóli FÍH	50	35	15	50	–	–
Tónlistarskóli Garðabæjar	17	3	14	17	–	–
Tónlistarskóli Grindavíkur	4	–	4	4	–	–
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	31	8	23	31	–	–
Tónlistarskóli Húsavíkur	7	5	2	7	–	–
Tónlistarskóli Ísafjarðar	15	4	11	15	–	–
Tónlistarskóli Kópavogs	61	28	33	61	–	–
Tónlistarskóli Mosfellsbæjar	13	6	7	13	–	–
Tónlistarskóli Rangárvallasýslu	5	–	5	5	–	–
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	8	3	5	8	–	–
Tónlistarskóli Sandgerðisbæjar	1	1	–	1	–	–
Tónlistarskóli Seltjarnarness	15	4	11	15	–	–
Tónlistarskóli Seyðisfjarðar	1	1	–	1	–	–
Tónlistarskóli Skagafjarðar	2	–	2	2	–	–
Tónlistarskóli Vestmannaeyja	3	–	3	3	–	–
Tónlistarskólinn Akranesi	11	1	10	11	–	–
Tónlistarskólinn á Akureyri	21	7	14	21	–	–
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	18	6	12	18	–	–
Tónlistarskólinn í Reykjavík	106	37	69	106	–	–
Tónlistarskólinn Stykkishólmi	6	2	4	6	–	–
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	2	–	2	2	–	–
Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu	6	3	3	6	–	–
Tónskóli Eddu Borg	1	1	–	1	–	–
Tónskóli Hörpunnar	1	1	–	1	–	–
Tónskóli Sigursveins	44	16	28	44	–	–
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	10	6	4	10	–	–
Tónskólinn Do Re Mi	2	–	2	2	–	–
Sérskólar með nám aðallega á háskólastigi						
<i>Specialised schools at tertiary level</i>	273	114	159	186	42	45
Flugstoðir	10	8	2	10	–	–
Hólaskóli	112	37	75	67	–	45
Myndlistaskólinn á Akureyri	55	14	41	55	–	–
Rafíðnaðarskólinn	42	41	1	–	42	–
Söngskólinn í Reykjavík	54	14	40	54	–	–

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)
 Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2008 by school, sex and mode of teaching (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day</i> <i>courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening</i> <i>courses</i>	Fjar- nám <i>Distance</i> <i>learning</i>
Háskólar <i>Universities</i>	17.738	6.596	11.142	14.328	115	3.295
Endurmenntun Háskóla Íslands	115	55	60	–	115	–
Háskóli Íslands	11.847	3.823	8.024	10.142	–	1.705
Háskólinn á Akureyri	1.352	341	1.011	604	–	748
Háskólinn í Reykjavík	2.974	1.780	1.194	2.648	–	326
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	294	103	191	199	–	95
Listaháskóli Íslands	429	162	267	429	–	–
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	727	332	395	306	–	421

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008 eftir stigi, tegund og sviði

Table 3. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2008 by level, type and field

	Alls	Karlar	Konur	Dag- skóli	Kvöld- skóli	Fjar- nám
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Day school</i>	<i>Evening school</i>	<i>Distance learning</i>
Skráðir nemendur alls <i>Total number of students</i>	47.282	20.197	27.085	37.100	2.060	8.122
Framhaldsskólastig <i>Upper secondary level</i>	28.904	13.282	15.622	22.685	1.654	4.565
Bóknám, undirbúningur fyrir háskólanám <i>General education 3AG</i>	13.127	5.765	7.362	12.181	325	621
Almenn námsbraut	258	138	120	258	–	–
Félagsfræðibraut til stúdentsprófs	4.545	1.726	2.819	4.098	164	283
Frumgreinadeild	439	220	219	344	–	95
Heilbrigðisbraut til stúdentsprófs	14	–	14	–	–	14
International Baccalaureate	100	52	48	97	3	–
Málabraut til stúdentsprófs	1.503	356	1.147	1.385	69	49
Náttúrufræðibraut til stúdentsprófs	4.879	2.559	2.320	4.701	55	123
Tæknibraut til stúdentsprófs	1	1	–	–	1	–
Upplýsinga- og tæknibraut til stúdentsprófs	20	20	–	18	2	–
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	161	69	92	115	26	20
Viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs	1.207	624	583	1.165	5	37
Starfsnám, undirbúningur fyrir háskólanám <i>Vocational progr. 3AV</i>	47	15	32	47	–	–
Myndlist	47	15	32	47	–	–
For-starfsnám, undirbúningur fyrir starfsnám á háskólastigi						
Pre-vocational programmes 3BP	706	212	494	706	–	–
Hljóðfæraleikur	461	182	279	461	–	–
Listdans	141	3	138	141	–	–
Söngur	104	27	77	104	–	–
Almennt nám, undirbúningur fyrir nám á framhaldsskólastigi						
General education 3CG	6.614	2.749	3.865	3.133	451	3.030
Almenn námsbraut	6.612	2.747	3.865	3.133	449	3.030
Fornám	2	2	–	–	2	–
For-starfsnám, undirbúningur fyrir starf <i>Pre-vocational progr. 3CP</i>	273	169	104	271	1	1
Starfsbraut	273	169	104	271	1	1
Starfsnám, undirbúningur fyrir starf <i>Vocational programmes 3CV</i>	8.137	4.372	3.765	6.347	877	913
Bakaraíðn	5	5	–	5	–	–
Bifreiðasmíði	21	20	1	21	–	–
Bifvélavirkjun	131	125	6	114	2	15
Bílamálun	24	20	4	24	–	–
Bíliðnir grunnnám	150	139	11	149	1	–
Blikksmíði	14	12	2	11	3	–
Blómaskreytingar	10	1	9	3	–	7
Bókasafnstækni	15	–	15	–	–	15
Búfræði	65	34	31	41	–	24
Bygginga- og mannvirkjagreinar grunnnám	290	273	17	250	33	7
Fatataekni	25	3	22	25	–	–
Félagsliðabraut	247	25	222	65	97	85
Fjölmíðlataekni	66	45	21	65	–	1
Flugliðabraut	35	–	35	35	–	–
Flugstjórn	32	26	6	32	–	–
Framreiðsla	13	3	10	13	–	–
Garðplöntufræði	13	4	9	1	–	12
Gull- og silfursmíði	19	5	14	18	–	1
Handiðabraut	65	–	65	57	8	–
Hársnyrtiðn	223	18	205	218	4	1
Hjúkrunar- og móttökuritarar	47	–	47	35	–	12
Hrossabraut	66	17	49	66	–	–

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008 eftir stigi, tegund og sviði (frh.)
 Table 3. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2008 by level, type and field (cont.)

	Alls	Karlar	Konur	Dag- skóli	Kvöld- skóli	Fjar- nám
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Day school</i>	<i>Evening school</i>	<i>Distance learning</i>
Húsasmíði	572	562	10	403	159	10
Húsgagnasmíði	18	10	8	10	7	1
Hússtjórn	46	5	41	46	–	–
Iðnhönnun	1	–	1	1	–	–
Íþróttabraut starfsnám	323	207	116	247	5	71
Kjólasmur	42	–	42	38	2	2
Kjötiðn	6	6	–	6	–	–
Klæðskurður	14	1	13	8	6	–
Kvikmyndagerð	96	60	36	96	–	–
Leiðbeinendur í leikskólum	204	2	202	92	59	53
Listir - breiðar námsleiðir	990	278	712	905	18	67
Ljósmyndun	11	4	7	10	–	1
Lyfjatækni	70	–	70	36	–	34
Lögreglunám	48	35	13	48	–	–
Matartækni	23	1	22	21	–	2
Matreiðsla	38	32	6	38	–	–
Matsveinanám	13	4	9	13	–	–
Matvælagreinar grunnnám	67	54	13	64	2	1
Málaraiðn	59	55	4	30	29	–
Málmiðnir grunnnám	217	204	13	196	21	–
Múraraíðn	39	39	–	35	3	1
Nettækni	5	5	–	4	–	1
Nudd	97	19	78	33	23	41
Pípulagnir	93	90	3	90	–	3
Prentsmíð/grafísk miðlun	12	6	6	11	–	1
Prentun	3	1	2	2	–	1
Rafeindavirkjun	55	53	2	34	19	2
Rafiðnir, grunnnám	536	517	19	444	87	5
Rafvirkjun	205	199	6	109	87	9
Rennismíði	22	22	–	18	4	–
Sjúkraliðanáms	553	18	535	370	97	86
Skipstjórn	121	111	10	121	–	–
Skógrækt	6	2	4	4	–	2
Skólaliðabraut	6	–	6	6	–	–
Skrifstofubraut	111	4	107	89	–	22
Skrúðgarðyrkja	16	9	7	5	–	11
Snyrtifræði	187	–	187	164	23	–
Stálskipasmíði	1	1	–	1	–	–
Stálsmiði	3	3	–	2	1	–
Stuðningsfulltrúar í grunnskólum	72	1	71	31	10	31
Söðlasmiði	1	–	1	1	–	–
Tannsmíði	8	3	5	8	–	–
Tanntæknabraut	43	–	43	19	–	24
Tækniteiknun	216	74	142	149	–	67
Tölvufræðibraut	247	225	22	230	3	14
Uppeldisbraut (námskrá 1999)	4	–	4	–	1	3
Uppeldis-og félagsstarf	1	–	1	1	–	–
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnnám	292	134	158	219	5	68
Útstillingabraut	25	–	25	25	–	–
Veggföðrun og dúkalögn	1	1	–	–	1	–

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008 eftir stigi, tegund og sviði (frh.)
 Table 3. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2008 by level, type and field (cont.)

	Alls	Karlar	Konur	Dag- skóli	Kvöld- skóli	Fjar- nám
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Day school</i>	<i>Evening school</i>	<i>Distance learning</i>
Verslunarstjórnun	50	24	26	–	–	50
Vélstjórn	299	289	10	283	1	15
Vélvirkjun/vélsmiði	87	85	2	67	20	–
Viðskipta- og fjármálabraut	27	–	27	–	27	–
Viðskiptabraut	255	138	117	212	9	34
Viðbótastig <i>Post-secondary non-tertiary education</i>	1.244	784	460	270	291	683
Starfsnám, undirbúningur fyrir starf <i>Vocational programmes 4CV</i>	1.244	784	460	270	291	683
Bakaraíðn	1	1	–	1	–	–
Bifreiðasmíði	4	4	–	–	3	1
Bifvélavirkjun	15	15	–	3	8	4
Bílamálun	4	4	–	–	1	3
Blikksmíði	5	4	1	1	3	1
Byggingariðnfræði	83	78	5	–	–	83
Ferðamál	81	21	60	13	1	67
Fiskeldi	6	6	–	–	–	6
Flugfjarskipti	8	7	1	8	–	–
Flugliðabraut	178	4	174	–	–	178
Flugumferðarstjórn	2	1	1	2	–	–
Framreiðsla	5	1	4	4	1	–
Frumkvöðlanám	17	11	6	–	–	17
Hársnyrtiiðn	32	2	30	3	14	15
Húsasmíði	132	129	3	37	74	21
Húsgagnasmíði	1	–	1	–	1	–
Kjólasaumur	2	–	2	–	2	–
Kjötiðn	3	3	–	3	–	–
Klæðskurður	2	–	2	–	1	1
Leiðsögunám	51	26	25	–	51	–
